

Lykourazos gegn Grikklandi

Dómur frá 16. júní 2006

Mál nr. 33554/03

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Missir þingsæti. Lögmætar væntingar.

1. Málsatvik

Kærandi, Alexandros-Leon Lykourazos, 72 ára, er grískur ríkisborgari og búsettur í Aþenu. Hann hefur starfað þar sem lögmaður síðan 1960. Í apríl 2000 bauð hann sig fram í þingkosningum í einu kjördæmi Aþenu og var kjörinn þingmaður til fjögurra ára.

Árið 2001 voru gerðar stjórnarskrárbreytingar þar sem m.a. var lagt bann við því í 57. gr. að þingmenn sinntu aukastörfum samhliða þingmennsku. Með dómi 3. júlí 2003 kvað Hæstiréttur Grikklands á um að kærandi hefði misst rétt sinn til þingsetu þar sem hann hefði sinnt áfram starfi sínu sem lögmaður þrátt fyrir áðurgreint bann. Var ekki fallist á þær málsástæður kæranda að lögmannsstörf hans væru ólaunuð. Í kjölfarið tók varþingmaður við þingsæti kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi studdist við 3. gr. 1. viðauka og taldi að framangreind ákvörðun Hæstaréttar bryti í bága við rétt hans til að vera kjörinn á þing landsins auk sem kjósendur hefðu verið sviptir þeim frambjóðanda sem þeir hefðu kosið. Hann hélt því einnig fram að þar sem hann hefði verið tilneyddur til að afsala sér þingsæti til að geta haldið áfram sínum fyrri störfum væri um að ræða óréttmæta íhlutun í friðhelgi einkalífs hans og fjölskyldu og þar með væri brotið í bága við 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi það ekki vera hlutverk sitt að taka almennt afstöðu til þess hvort bann við aukastörfum samhliða þingmennsku væri heimilt en benti á að slíkt bann væri sjaldgæft í öðrum löndum Evrópu.

Dómstóllinn gat hins vegar ekki horft fram hjá því að kærandi var kjörinn í samræmi við þágildandi kosningalöggjöf og stjórnarskrá. Var ómögulegt að sjá fyrir að það yrði skilyrði fyrir þingsetu á kjörtímabilinu að hann sinnti ekki tilteknum aukastörfum. Þingsætissvipting hans á grundvelli aukastarfa hans kom því bæði honum og kjósendum hans í opna skjöldu.

Þar sem hin breyttu stjórnarskrárákvæði voru látin ná til kæranda, án þess tekið væri tillit þess að hann var kjörinn til þings árið 2000 í samræmi við lög á þeim tíma, var litið svo á að kærandi hefði verið sviptur þingsæti sínu og kjósendur hans sviptir þeim frambjóðanda sem þeir völdu sér á frjálsan og lýðræðislegan hátt. Var með þessu brotið gegn meginreglunni um lögmætar væntingar. Gríska ríkið var ekki talið hafa bent á nein lýðræðislega mikilvæg rök sem réttlætt gætu tafarlausa beitingu á umræddu banni. Dómstóllinn taldi því að brotið hefði verið í bága við 3. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Með tilliti til þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki ástæðu til þess að fjalla einnig um meint brot á 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 20.000 evrur í miskabætur og 14.000 evrur vegna málskostnaðar.

Þrír dómárar skiluðu séráliti.